

Jöklabreytingar 1930–1970, 1970–1995, 1995–2018 og 2018–2019

Hrafnhildur Hannesdóttir

Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 9, 108 Reykjavík; hh@vedur.is

<https://doi.org/10.33799/jokull2020.70.111o>

YFIRLIT — *Alls hafa borist upplýsingar frá tæplega 50 sporðamælingastöðum sem vitjað var um á haustmánuðum 2019. Flestir jökulsporðar hafa, en í nokkrum tilvikum gefa mælingar með fjarlægðarkíki og sam-
anburður á gervitunglamyndum vísbendingar um að jöklar séu að ganga lítillaga fram. Margir mælingamenn
taka eftir því að sporðarnir eru að þynnast. Haustið 2019 var mjög hentugt til sporðamælinga eftir hlýtt sumar,
þar sem snjó hafði víða tekið upp og jökuljaðrar greinilegir.*

ATHUGASEMDIR OG VIÐAUKAR

Á um 80% sporðamælistaða mælist hörfun, nokkrir sporðar standa í stað, en aðrir ganga lítillaga fram, þeir eru hluti Kvíárjökuls, Skeiðarárjökuls, Heinabergsjökuls og Morsárjökuls. Þessir jöklar ganga allir út í lón. Mæling þeirra er þeim vandkvæðum bundin að erfitt getur verið að nota fjarlægðarkíkinn til þess að mæla stöðu sporðsins, vegna vegalengdar yfir lónin. Mesta hop mældist við Eystri-Hagafellsjökul og Síðu-
jökul eða um 150 m á hvorum stað.


Haustið 2019 var hentugt til jökulsporðamælinga sem og til þess að rekja útlínur jöklanna með fjarkönnunargögnum, eftir snjóléttan vetur og talsverðar sumarleysingar. Jökuljaðrar voru víða mjög greinilegir, til dæmis við sporð Deildardalsjökuls á Tröllaskaga, en þar er sporðurinn meira að segja orðinn urðarlaus samkvæmt athugunum Skafta Brynjólfssonar. Mæling náðist á nokkrum stöðum þar sem ekki hefur verið hægt að fara á hverju ári, til að mynda við Jökulkrók og Rjúpnabrekkujökul sem stundum hefur reynst erfitt að mæla vegna þess hversu snemma snjóað hefur að hausti.

Sporður Skeiðarárjökuls er mældur á nokkrum stöðum og er mælt með fjarlægðarkíki yfir stór sporðlónin. Jökulsporðurinn er svartur, jakar fljótandi nálægt brún jökulsins, auk þess sem dauðis losnar frá

jöklinum á mörgum stöðum við jaðarinn. Því er ekki alltaf augljóst hvert skal miða til að ná mælingu. Ljóst er samkvæmt athugunum Ragnars Franks Kristjánssonar að Skeiðarárjökull hefur lækkað töluvert frá síðustu mælingu. Í skýrslunni segir að þegar horft er frá Þjóðvegi á Skeiðarársandi til norðurs sést meira af Háubungu, Þórðarhyrnu og Geirvörtum en áður sökum þess að jökullinn er að þynnast.

Sem fyrr reynist erfitt að mæla jaðar Heinabergsjökuls þar sem hann gengur út í lónið. Nemendur og kennarar við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu nutu að þessu sinni aðstoðar Snævarrs Guðmundssonar á Náttúrustofu Suðausturlands. Horfið var frá hefðbundnum þríhyrningamælingum og notuðu þau gervitunglamyndir til þess að meta breytingu á stöðu jökulsins. Þeirri aðferð er nú beitt til þess að skoða breytingar á Kvíárjökli, Hrutárjökli, Fjallsjökli og Breiðamerkurjökli og gefur góða raun. Næstu skref fela í sér að skoða kerfisbundið fjarkönnunargögn fyrir þá sporða sem ganga út í lón og hnita útlínur jökuljaðarsins til þess að meta með meiri nákvæmni hver breytingin er. Hins vegar er vert að taka fram að jökulsporður sem kelfir í lón er óstöðugur í eðli sínu.

Mælilína þeirra Ingu Kaldal og Skúla Víkingssonar við Sléttjökul var í haust innikróuð af Innri-Emstrúa og svokallaðri „Smáfjallakvísl“.




Lónið framan Skaftafellsjökuls heldur áfram að stækka og gerir mælingafólki erfitt fyrir að mæla stöðu sporðsins. Fjarlægðarkíkirinn hvílir á mælingavörðunni. – *The lagoon in front of Skaftafellsjökull outlet glacier continues to increase in size, making measurements problematic. The laser rangefinder lies on one of the reference cairns.* Ljósmynd. Photo: Svava Björk Þorlákssdóttir, 20. október, 2019.

„Mælinán okkar liggur til suðausturs innan við Smáfjöll. Til þess að komast þangað höfum við ekið til suðurs milli Stórkonufells og Smáfjalla eftir gamalli bændaslóð, sem liggur suður að brún við Entujökul, en við höfum farið út af henni til austurs að mælinunni okkar. Norðaustan við Stórkonufell liggur slóðin niður árbakka ofan í kvísl sem ég held að sé nafnlaus, en við höfum stundum kallað Smáfjallakvísl. Þaðan hefur verið ekið góðan kafla upp eftir ánni, sem svo lengi sem við þekkjum hefur verið algjör kettlingur og auðveld viðfangs. Nú er hins vegar komin foráttu jökulá í farveginn. Hún hefur rofið bakkana og ummerki eru um að hún hafi flæmst eitthvað um áður. Við gengum niður að ármótum kvíslarinnar og Innri-Emstruár norðan Smáfjalla. Mun minna vatn er nú í Innri-Emstruá en Smáfjallakvíslinni.“

Það virðist sem að framgangur í Entujökli hafi haft áhrif á árfarvegina með ofangreindum hætti. Því var kannað hvort sjá mætti ummerki um þetta framhlaup í Sentinel-2 skriðhraðgögnum og reyndist svo vera. Fjarkönnunargögnin sýna greinilega árstíðasveiflu í skriðhraðanum og jafnframt að hraðinn haustið 2018 var e.t.v. meiri en ætla mætti út frá árstíðasveiflunni einni saman þegar gögnin frá 2018 og 2019 eru borin saman. Munurinn er þó ekki afgerandi. Jökulsporðurinn gekk fram um 100–300 m, frá 2018 til 2019.



Hér liggur bændaslóðin milli Stórkonufells og Smáfjalla sem farinn er þegar haldið er til mælinga á Sléttjökli. Nú rennur mun meira vatn í farveginum en áður. – *The mountain track (mainly used by farmers) between Stórkonufell and Smáfjöll, which is used to access Sléttjökull. Due to a sudden advance of Sléttjökull between 2018 and 2019, the meltwater channels changed, and now this gorge contains considerably more water than before.* Ljósmynd. Photo: Ingibjörg Kaldal, 9. október, 2019.



Gervitunglamyndir frá 14. september 2018 og 9. september 2019 sem sýna breytingar á sporði Entujökuls. Mynd: Sentinel-2/Copernicus. – *Satellite images from September 14th 2018 and September 9th 2019 showing how Entujökull outlet glacier has advanced.* Hægt er að bera myndirnar saman á eftirfarandi slóð: – See also: <http://brunnur.vedur.is/pub/tj/tmp/framgangur/entujokull/2019/kort/Slidermap/>

Mikil umfjöllun hefur verið um jöklabreytingar að undanfögnu og er það ekki síst vegna mikillar athygli sem minningarathöfn um Okjökul vakti sumarið 2019. Fjöldinn allur af erlendum og innlendum fjölmiðlamönnum, listamönnum, rithöfundum og fleirum hefur lagt leið sína á Veðurstofuna til þess að ræða við gamla og nýja umsjónarmenn sporðamælinga um jökla- og loftslagsbreytingar. Áframhaldandi samstarf verður milli jöklahóps Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnunar Háskólans, Landsvirkjunar, Náttúrustofu Suðausturlands og Vatnajökulsþjóðgarðs, um miðlun upplýsinga um jöklabreytingar á Íslandi, með stuðningi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Fyrir nokkrum árum var ákveðið að gefa út árlegt fréttabréf um íslenska jökla sem hægt er að nálgast á eftirfarandi slóð: <http://www.vedur.is/gogn/joklar/utgafa/frettabref/> Mikilvægt er að halda til haga á miðlægum stað niðurstöðum jöklarannsóknna og það auðveldar þeim sem leita svara við spurningum um viðbrögð jöklanna við hlýnandi loftslagi að nálgast upplýsingar bæði á íslensku og ensku.

Snæfellsjökull

Hyrningsjökull og Jökulháls – Enn er notast við málband til þess að mæla breytingar á sporði Hyrningsjökuls. Vegna þess að ís í jökulruðningum er að bráðna hefur hann lækkað og það gæti skekkt mælingu-

una. Jökultungan hefur þynnst og mjókkað. Á Jökulhálsi voru jaðarinn og jöklamerkin á kafi í snjó, þrátt fyrir hlýtt sumar.

Drangajökull

Kaldalónsjökull – Erfitt var um vik að mæla þetta haustið. Jökultungan hefur öll rýrnað og Kaldalónsjökull sjálfur líka. Stórt svæði austan/ofan jökulþýfis er orðið autt. Mikill dauðis er áfastur jökuljaðrinum sem ekki er hættandi að fara út á samkvæmt Viðari Má Matthíassyni.

Reykjarfjarðarjökull hopaði um 42 m sem er það mesta sem Þróstur Jóhannsson hefur mælt. Sporðurinn er nú að nálgast sama stað og hann var fyrir 18 árum áður en framhlaup hófst.

Leirufjarðarjökull hopaði um 100 m milli ára. Ásgeir Sólbergsson tekur fram að undanfarnir vetur hafi verið mjög snjóléttir, fáir skaflar í fjöllunum í Leirufirði síðla sumars.

Norðurlandsjökjar

Bægisárjökull – Karl Stefánsson er tekinn við sporðamælingunum. Við þökkum við Jónasi Helgasyni vel unnin störf. Haustið 2019 var gengið með GPS-tæki meðfram sporðinum. Bera þarf þær mælingar saman við staðsetningu viðmiðunarpunktanna framan jökuls. *Tungnahryggsjökull* heldur áfram að hopa nokkra metra milli ára.



Bægisárjökull hefur hropað 30 m frá 2010. Tröllahyrna fyrir miðri mynd og sést í rætur Jökulborgarinnar hægra megin. – *The terminus of Bægisárjökull has retreated 30 m since 2010. Karl Stefánsson has now taken over the measurements from Jónas Helgason.* Ljósmynd/Photo: Karl Stefánsson, 20. ágúst, 2019.

Búrfellsjökull – Auðvelt var að greina sporð Búrfellsjökuls þetta haustið og mældist hop á báðum mælinlínunum samkvæmt skýrslu Sveins Brynjólfssonar.

Deildardalsjökull – Sá hluti sporðsins sem var GPS-mældur var snjólaus með öllu, jaðarinn mjög greinilegur og urðarlaus. Því var auðvelt að mæla að þessu sinni. Að jafnaði hörfaði jökullinn um 5 m.

Gljúfurárjökull – Sporðamæling var gerð samhliða göngum í Sveinsstaðarétt, fjarlægð frá mælipunkti með málbandi leiddi í ljós litla breytingu milli ára.

Grímslandsjökull – Sem fyrr var jökulsporðurinn hulin snjó og því ekki hægt að mæla hann með vissu, en Sigurði Bjarklind og félögum sýndist að hann sé að þynnast talsvert. Þeir fylgjast grannt með snjóalögum frá Heiðarhúsum í Flateyjardal.

Tungnahryggsjökull – Þórhildur Halla Jónsdóttir og fylgdarmenn mældu sporð Tungnahryggsjökuls þetta haustið.

Langjökull

Kirkjujökull – Mælingin var framkvæmd þannig að gengið var eftir jökuljaðrinum með GPS-tæki. Kirkjujökull hefur hropað um 60 m.

Geitlandsjökull – Fjarlægðarmælir var notaður til þess að meta breytingar á stöðu Geitlandsjökuls sem heldur uppteknum hætti og hörfar mikið milli ára.

Hagafellsjökullar – Lítið er eftir af dauðisnum sem slitnaði frá sporði Eystri Hagafellsjökuls í fyrra. Hopið er núna á pari við mælingar síðustu ára eða um 150 m. Gengið var meðfram jaðri Vestari Hagafellsjökuls til að fá nákvæmari upplýsingar um jökuljaðarinn, en mikil drulla er framan jökuls og erfitt að komast að honum.

Jökulkrökur/Króksjökull – Kristjana Eyþórsdóttir og Jón Baldursson náðu mælingu á sporði Króksjökuls eftir 24 km göngu í blíðskaparveðri. Lagt var af stað frá Litla Oddnýjargili í stað þess að ganga hefðbundnari leið frá Þröskuldi.

Þórisjökull – Guðbjörn Margeirsson náði ekki að heimsækja sporðana tvo í norðanverðum Þórisjökli sem byrjað var að mæla haustið 2018.

Hofsjökull

Blágnjúpujökull – Jökullinn nokkuð sprunginn upp eftir sporðinum enda íshellir þar undir. Jökullinn hopar milli ára, en erfiðlega gekk að komast að jökuljaðrinum í mælistefnunni.

Nauthagajökull og Múlajökull – Ekki tókst að gera mælingu þetta haustið, reynt verður að bæta úr því með því að skoða gervitunglamyndir og áætla jaðarinn út frá þeim.

Sátujökull – Mæling var gerð á Sátujökli með því að ganga meðfram jökuljaðrinum með GPS-tæki. Ekki náðist mæling 2018 vegna vatnavaxta og vegna þess hversu snemma fór að snjóa.

Mýrdalsjökull

Sólheimajökull – Mælt var með fjarlægðarkíki Veðurstofunnar eins og síðustu ár. Mældar eru fjórar línur frá tveimur stöðum, þvert á jökulsporðinn og hornaföllum beitt til þess að reikna út hnitin á sporðinum. Niðurstöðurnar eru síðan bornar saman við gervitunglamynd frá haustinu 2019.

Sléttjökull – Inga og Skúli komust ekki að jöklinum eins og lýst er að framan.

Suðurlandsjökullar

Torfajökull – Ágúst Hálfðánsson og félagar fóru sitt-hvora dagsferðina til þess að mæla norður- og suður-spørð Torfajökuls.

Tindfjallajökull – Austurtunga Tindfjallajökuls sem skriður ofan í Eystri-Botn var mæld í blíðskaparveðri. Jaðarinn hefur hopað töluvert og dauðísinn við sporðinn hefur rýrnað nokkuð frá því í fyrra samkvæmt skýrslu Alberts Þorbergssonar.

Vatnajökull

Síðujökull – Hluti af sporði Síðujökuls var genginn með GPS-tæki og mældist hörfunin um 150 m að jafnaði. Það er mikill dauðís undir mölinni og því aðeins erfitt að meta hvar jaðarinn liggur nákvæmlega.

Skeiðarárjökull austur – Jökullinn hefur lækkað töluvert frá síðustu mælingu og litlar breytingar á stöðu jökulsporðsins. Mælt er með fjarlægðarkíki yfir lónin og dauðísinn sem er að losna frá meginsporðinum gerir mælinguna erfiða.



Sporðamæling á jökultungunni í suðaustanverðum Tindfjallajökli sem gengur niður í Eystri-Botna. Hulda Axelsdóttir til viðmiðunar – *The terminus of the southeastern outlet of Tindfjallajökull which flows down to Eystri-Botnar, Hulda Axelsdóttir for reference.* Ljósmynd: Albert Þorbergsson, 1. september, 2019.

Morsárjökull – Sporðurinn er mældur með fjarlægðarkíki, enda lón við austanverðan sporðinn. Að vestanverðu er stór dauðisfláki, brotinn frá jöklinum. Morsárjökull lækkar þeim megin, hann er töluvert hærri þar sem skriðan féll á jökulinn 2004.

Skaftafellsjökull – Farið var til mælinga eftir áramótin þar sem ekki gafst til mælingaferðar á haustmánuðum. Jökullinn hefur hörfað um rúma 50 m á þeirri mælingu sem hefur verið haldið við undanfarin ár. Jökullinn hefur þynnst mikið og er nú mun lægri en fyrri ár.

Öræfajökull

Svínafellsjökull – Jökuljaðarinn breytist ekki mikið en þó virðist hann sífellt vera að lækka, þannig er orðið lengra „niður“ að jöklinum. Við aukamerkið sem mælt er frá aðeins vestar hopar jökullinn meira.

Falljökull – Ekki hafa orðið verulegar breytingar á legu jökuljaðarins frá síðustu mælingu, útfáll árinna á svipuðum stað og enn er hægt að komast að hreinni jökultungu sem er mikið notuð til jöklagöngu.

Kvíárjökull – Mæld er breyting á sporði Kvíárjökuls á þremur mælingum sem ákveðið var að setja upp í ljósi þess að jökulsporðurinn er ekki lengur aðgengilegur vegna lónsins. Breytingarnar eru metnar úr frá samanburði á gervitunglamyndum. Jökullinn gekk lítilllega fram á nyrstu mælingunni eins og í fyrra, en hopar við suðurhluta jaðarins.

Hrútarjökull – Tvær mælingur hafa verið skilgreindar á sporði Hrútarjökuls og hopar hann á báðum stöðum. Aurkápan á sporðinum gerir aðeins erfitt fyrir að meta virkan hluta jökulsins. Jökuljaðarinn var dreginn upp af Landsat8 gervitunglamynd.

Fjallsjökull – Þrjár mælingur hafa verið skilgreindar við Fjallsjökul, nokkurn veginn á sama stað og fyrri línur Kvískerjabræðra, og mælist hörfun milli ára á tveimur þeirra. Hrúta rennur í Fjallsárlón og lokar þannig fyrir aðgengi að vestustu mælingu jökulsins. Jökuljaðarinn var dreginn upp af Landsat8 gervitunglamynd.

Vatnajökull

Brókarjökull – Ekki tókst að mæla haustið 2019.

Breiðamerkurjökull – Snævarr fylgist með stöðu Breiðamerkurjökuls og eru skilgreindar þrjár mælingur og jaðarinn dreginn upp af Landsat8 gervitungla-

myndum. „*Sú lína sem liggur vestast stefnir á Máva-byggðajökul (vestasta arminn). Sú í miðjunni stefnir upp Esjujfallajökul (miðarminn), og er í framhaldi frá þeim stað þar sem Kvískerjabræður jafnan mældu, þegar ég tók við af þeim. Austasta línun liggur í stefnu upp Norðlingalægðarjökul (austurarmur) og á skriðstefnu jökulsins þar. Sú er látin liggja í framhaldi af því hvar Fjölnir Torfason á Hala var að mæla hin síðari ár, áður en undirritaður tók við af honum að mæla austanverðan Breiðamerkurjökul.*“

Heinabergsjökull – Að venju fóru nemendur við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu til mælinga, í þetta skiptið í fylgd Hjördísar Skírnisdóttur og Snævarrs Guðmundssonar. Ekki var hægt að mæla á hefðbundinn hátt (með þríhyrningamælingu) þar sem snjór lá yfir og merki sem hafa verið notuð sem viðmið fundust ekki. Því var ákveðið að nota stafrænan fjarlægðarmæli til að mæla frá vörðunni í fimm punkta á jöklinum og meta meðalfjarlægðina.

Fláajökull – hefur hopað mikið á báðum mælistöðum, 60–80 m, sem er með því mesta á síðastliðnum árum. Sporðurinn er mældur með fjarlægðarkíki, hann lækkar og er flatari fremst.

Lambatungnajökull – Að þessu sinni var jaðar jökulsins hnitauður með GPS-tæki.

Rjúpnabrekkujökull – Aðstæður til mælinga voru ákjósanlegar, jökuljaðarinn greinilegur eftir sumarhita og göngutúrinn lengist með hverju ári samkvæmt skýrslu Smára Sigurðssonar.

Kverkjökull – Landverðir í Kverkfjöllum stefna að því að taka upp þráðinn við mælingu á Kverkjökli næsta haust.

Glacier variations 1930–1970, 1970–1995, 1995–2017 and 2017–2018

The Icelandic Glaciological Society received reports on approximately 50 measurements sites of glacier front variations in the autumn of 2019. Glacier retreat was observed at 80% of survey sites whereas advances were reported from 4 sites. The warm summer led to fewer snow-covered glacier margins, and more successful surveys. As in recent years the proglacial lakes make terminus measurements more difficult, although the laser rangefinder works well.

Jöklabreytingar/*Glacier variations* 1930–1970, 1970–1995, 1995–2018 og/and 2018–2019.

Jökull Glacier	1930– 1970	1970– 1995	1995– 2017	2017– 2018	Mælingamaður/-kona Observer
Snæfellsjökull					
Hyrningsjökull	'31-1041	+288	-354	-2	Hallsteinn Haraldsson
Jökulháls	'34-753' ⁵⁷	sn	'99-292' ¹⁴	sn	Hallsteinn Haraldsson
Drangajökull					
Kaldalónsjökull»	'31-630' ⁶⁶	'66-857	+353	0	Viðar Már Matthíasson
Reykjarfjarðarjökull»	'31-1295' ⁶⁹	'69-692	+58	-42	Próstur Jóhannesson
Leirufjarðarjökull»	'31-130	-584	+631	-50	Ásgeir Sólbergsson
Norðurlandsjökullar					
Deildardalsjökull»	–	–	'07-22	-5	Skafti Brynjólfsson
Búrfellsjökull»	–	–	'04-27	-25	Sveinn Brynjólfsson
Búrfellsjökull-2»	–	–	'04-39	-6	Sveinn Brynjólfsson
Gljúfurárjökull	'39-312	+49	-212	-2	Árni Hjartarson
Bægisárjökull	'39-101' ⁵⁷	'67-100' ⁷⁷	'94-138' ¹⁰	'10-30' ¹⁹	Karl Stefánsson
Tungnahryggjökull	'39-182' ⁵⁸	–	'58-63	-3	Þórhildur Halla Jónsdóttir
Grímslandsjökull	–	–	'94-9' ¹⁰	–	Sigurður Bjarklind
Langjökull					
Upp af Geitlandi	–	–	'02-547	-78	Bjarni Kristinsson
Hagafellsjökull vestari»	'34-2121	+820' ⁹³	'93-1647	-88	Gunnar Sigurðsson
Hagafellsjökull eystri»	'29-3534	+1364' ⁹³	'93-1520	-151	Einar Ragnar Sigurðsson
Kirkjujökull	–	–	'97-573	'14-60	Benedikt P. Gröndal
Jökulkrókur	'33-945	-64' ⁹⁷	'97-454' ¹⁷	-78	Kristjana G. Eyþórsdóttir
Hofsjökull					
Blágnjúpjökull	'32-177' ⁴¹	–	'97-870	-10	Páll Gíslason
Nauthagajökull	'32-576	-8	-417	–	Leifur Jónsson
Múlajökull, vestur»	'37-236	+48	-547	–	Leifur Jónsson
Múlajökull, suðvestur»	–	'93-76	-643	–	Leifur Jónsson
Múlajökull, suður»	'32-840	+339	-829	–	Leifur Jónsson
Sátujökull í Lambahrauni	'50-210' ⁵⁹	'59-193' ⁹⁷	'97-450' ¹⁷	-69	Valgeir Steinn Káráson
Sátujökull við Eyfirðingahóla	–	'83-350' ⁹⁶	'96-642' ¹⁷	-77	Valgeir Steinn Káráson
Kvísilajökull, staður 1	–	–	'02-300' ¹¹	–	Björn Oddsson
Kvísilajökull, staður 2	–	–	'02-346' ¹¹	–	Bergur Einarsson
Eyjafjalla- og Mýrdalsjökull					
Gígjökull	-738' ⁷¹	'71+377' ⁹⁶	'96-1173' ¹²	–	Páll Bjarnason
Steinsholtsjökull	–	–	'05-770' ¹²	–	Ragnar Th. Sigurðsson
Sólheimajökull, vesturtunga	-951	+469	-1301	-25	Einar Gunnlaugsson
Kötlujökull	–	–	'93-313' ¹⁴	–	Sigurgeir Már Jensson
Öldufellsjökull»	'61-125	-47' ⁹⁶	'96-1308' ¹³	–	Jóhannes Gissurarson
Sléttjökull»	–	–	'01-967' ¹⁷	–	Ingibjörg Kaldal

Jökull Glacier	1930– 1970	1970– 1995	1995– 2017	2017– 2018	Mælingamaður/-kona Observer
Torfajökull					
Norðurjaðar	–	–	^{'06} -232	-10	Ágúst Hálfðásson
Suðurjaðar	–	–	^{'06} -326 ^{'17}	-46	Ágúst Hálfðásson
Tindfjallajökull					
Austurtunga	–	–	^{'17} -23	-31	Albert Þorbergsson
Vatnajökull					
Tungnárjökull»	^{'55} -1314	-470	-1363	-15	Sverrir Hilmarsson
Síðujökull, staður 2»	^{'64} -351 ^{'73}	^{'73} +38	-1526	-150	Hlynur S. Pálsson
Skeiðarárjökull, vestur»	^{'32} -2403	+383	-1716 ^{'14}	–	Hannes Jónsson
Skeiðarárjökull, miðja»	–	^{'90} +715 ^{'96}	^{'96} -988 ^{'08}	–	Hannes Jónsson
Skeiðarárj. austur I»	^{'50} -304	+97	-972	-21	Ragnar F. Kristjánsson
Skeiðarárj. austur III	^{'32} -913	+63	-518	-54	Ragnar F. Kristjánsson
Skeiðarárj. austur IV	^{'32} -746	-59	-588	-3	Ragnar F. Kristjánsson
Morsárjökull, staður 1	^{'32} -1303	+92	-801	21	Ragnar F. Kristjánsson
Skaftafellsj. staðir 2 og 3	^{'32} -1236	-40	-860	-80	Svava Björk Þorlákssdóttir
Öræfajökull					
Svínafellsjökull, staður 2	^{'32} -403	+3	-225 ^{'17}	0	Svava Björk Þorlákssdóttir
Falljökull	^{'57} -70	+122	-680	0	Svava Björk Þorlákssdóttir
Kvítárjökull	^{'34} -526	+16	-76 ^{'14}	19	Snævarr Guðmundsson
Hrútarjökull	^{'47} -262	+60	-52 ^{'05}	-48	Snævarr Guðmundsson
Fjallsjökull, Gamlasel	^{'33} -1044	-161	-508 ^{'14}	-18	Snævarr Guðmundsson
Fjallsjökull, Fitjar	^{'35} -590	-115	-87 ^{'03}	–	Snævarr Guðmundsson
Fjallsjökull, við Breiðamerkurfjall	^{'51} -61	-72	-245 ^{'09}	-36	Snævarr Guðmundsson
Breiðamerkurj. við Breiðam.fjall	^{'33} -1400	-572	-530 ^{'08}	-25	Snævarr Guðmundsson
Vatnajökull					
Breiðamerkurj. inn af Nýgræðum	^{'32} -1787	-1045	-1070 ^{'13}	-45	Snævarr Guðmundsson
Breiðamerkurj. við Fellsfjall	^{'36} -971	-767	^{'93} -1553 ^{'14}	-158	Snævarr Guðmundsson
Brókarjökull	^{'35} -633	+227 ^{'94}	^{'94} -1125	–	Bergur Pálsson
Skálafellsjökull	-1349 ^{'68}	^{'68} -62	^{'95} -255 ^{'14}	–	Helga Hilmarsdóttir
Heinabergsjökull, við Hafrafell	-1302 ^{'67}	^{'67} -508	-54	45	Eyjólfur Guðmundsson
Heinabergsjökull, við Geitakinn	-1333 ^{'65}	^{'65} -128	-1106 ^{'15}	–	Eyjólfur Guðmundsson
Fláajökull, vestan Hólmsár	-879	-8 ^{'84}	^{'10} -147	-78	Bergur Pálsson
Fláajökull, austur 1	-1353	-36 ^{'94}	^{'94} -892	-59	Bergur Pálsson
Lambatungnajökull	–	–	^{'08} -402	-47	Bergur Pálsson
Kverkjökull	^{'63} -56 ^{'71}	^{'71} -18 ^{'93}	^{'93} -151 ^{'15}	–	Daníel Þorláksson
Rjúpnabrekkujökull	–	–	^{'98} -573 ^{'17}	-64	Smári Sigurðsson

+ framrás/advance, – hop/retreat, — ekki mælt/no measurement

–X merkir að jökull er rýrnandi en fjarlægð óviss *retreat but distance unknown*

+X merkir að jökull gangi fram en fjarlægð óviss *advance but distance unknown*

sn merkir að eitthvað hindri mælingu (snjór, lón eða þ.u.l.) *measurement prevented*

» táknar framhlaupsjökul *surge-type glacier*